

FYLGIRIT VIII

Náttúra og útivist

Hluti af forsendum
svæðisskipulags
höfuðborgarsvæðisins
2015-2040



Höfuðborgarsvæðið 2040

- Náttúra og útivist -

Fylgirit með svæðisskipulagi
höfuðborgarsvæðisins 2015-2040



Október 2014



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU





Landslag ehf.
Skólavörðustíg 11
101 Reykjavík
Sími: 535-5300
landslag@landslag.is

1 FAGHÓPUR UM NÁTTÚRU OG ÚTIVIST	6
2. LANDSLAGSGREININGAR	7
2.1 Stóra samhengið / fjallahringurinn og Faxaflóinn	7
2.2 Megindrættir landslags á höfuðborgarsvæðinu	8
2.3 Vatnafar og hraunsvæði	10
2.4 Verndarsvæði	12
2.5 Skógar og trjárækt	15
2.6 Fornar þjóðleiðir	16
2.7 Útivist, skipulögð og almenn	17
3. GRÆNI VEFURINN	19
3.1 Bláþráðurinn / strandlengjan	22
3.2 Græni trefillinn / upplandið	24
3.3 Grænir þræðir / tengingar milli fjalls og fjöru	27
3.4 Borgar- og bæjargarðar	28
3.5 Fjallendi	30
4. SAMANTEKT OG TÆKIFÆRI FRAMTÍÐAR	31

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Elliðaárdalur.

Mynd 2. Höfuðborgarsvæðið í stóra samhenginu (ekki er fjallað um Kríuvík í þessari samantekt).

Mynd 3. Hæðarlega lands innan marka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 4. Landbúnaðarlandslag í Kjós.

Mynd 5. Hraunsvæði á Reykjanesi.

Mynd 6. Höfuðborgarsvæði situr í stóru landslagsrými sem afmarkast af Esjunni, Mosfellsheiði, Bláfjölum og Reykjanesfjallgarðinum.

Mynd 7. Kaldakvísl við Gljúfrastein í Mosfellsdal.

Mynd 8. Í Kópavogsdal.

Mynd 9. Vatnafar.

Mynd 10. Reykjanesfjallgarðurinn.

Mynd 11. Hraun, gígar og misgengi á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 12. Verndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 13. Elliðaár.

Mynd 14. Vífilstaðavatn.

Mynd 15. Skógrækt getur bætt aðstæður til útivistar.

Mynd 16. Gróskumikið útivistarsvæði.

Mynd 17. Núverandi skógræktarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, kortlagt samkvæmt CORINE flokkunarkerfinu.

Mynd 18. Í fjallgöngu í Esjufjölum ofan við Kjós.

Mynd 19. Þjóðleiðir á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Þúsund og ein þjóðleið, eftir Jónas Kristjánsson.

Mynd 20. Útivistarstarfsemi á suðurhluta höfuðborgarsvæðisins.

Myndir 21-26. Möguleikar til útivistar á höfuðborgarsvæðinu eru afar fjölbreyttir (mynd 24: Ólafur Hauksson).

Mynd 27. Blápráðurinn.

Mynd 28. Græni trefillinn.

Mynd 29. Grænir þræðir.

Mynd 30. Bæjar- og borgargarðar.

Mynd 31. Fjallendi.

Mynd 32. Náttúra og Útivist - milli fjalls og fjöru.

Mynd 33. Elliðaárdalur; séð frá Árbæ að Breiðholti.

Mynd 34. Þróun græna trefilsins.

Mynd 35. Græni vefurinn.

Mynd 36. Tengsl náttúru og umhverfis, notenda og mannvirkja eru samofin hvert öðru í græna vefnum.

Mynd 37. Hólavallagarður

Mynd 38. Varmá í Mosfellsbæ.

Mynd 39. Græni vefurinn myndar tengingar milli fjalls og fjöru.

Myndir 40-43. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar leynast á strandlengju höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 44. Blápráðurinn - strandstígur höfuðborgarsvæðisins (núverandi ástand).

Myndir 45. Strandstígurinn í Grafarvogi.

Mynd 46. Græni trefillinn.

Mynd 47. Séð úr Heiðmörk í átt að Vífilstöðum.

Mynd 48. Græni trefillinn teygir sig upp Esjuhlíðar.

Mynd 49. Búrfell og Hjallamisgengi.

Mynd 50. Gengið á Helgafell.

Myndir 51-58. Grænir þræðir tengja byggðina við uppland höfuðborgarsvæðisins.

Myndir 59-61. Borgar- og bæjargarðar eru fjölbreyttir að gerð og samsetningu.

Myndir 62-68. Borgar- og bæjargarðar mynda umgjörð utan um daglegt líf íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 69. Gengið á Kerhólakamb í Esju.

Mynd 70. Móskarðshnúkar.

Mynd 71. Móskarðshnúkar.

Mynd 72. Eyrarfjall frá Þórnyjartindi í Kjós.

Mynd 73. Árbæjarhverfi og Elliðaár.

Mynd 74. Útivistarleiðir á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 75. Séð úr Esju.

Mynd 76. Hugmynd að nýjum ferðamannanveg milli Hvalfjarðar og Reykjanes.

FAGHÓPUR UM NÁTTÚRU OG ÚTIVIST

Vegna heildarendurskoðunar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins voru ráðnir faglegir ráðgjafar til verksins á mismunandi fagsviðum til að leiða vinnu faghópa. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf. leiddi vinnu faghóps um náttúru og útivist. Aðalstarf þeirrar vinnu er m.a. fylgirit um náttúru og útivist. Í því koma fram greiningar og upplýsingar sem eru grunnur að þeirri stefnu sem sett er fram í endurskoðuðu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Greint er frá helstu forsendum frá náttúrunnar hendi, settar eru fram greiningar á landslagi, yfirlit yfir mismunandi verndarsvæði og kortlögð er skipulögð og almenn útivist. Leitast er við að varpa ljósi á meginrætti landslagsins, þau gæði sem felast í umhverfinu og hvernig tryggja megi verndun og aðgengi að þeim. Megintilgangur með greiningunni er að styðja við endurskilgreiningu á græna teflinum í upplandi höfuðborgarsvæðisins og hvernig hann myndar heildstæðan vef útivistar- og náttúrusvæða með strandlengju höfuðborgarsvæðisins, grænum þráðum um dali og drög og fjallendinu í nálægð byggðar höfuðborgarsvæðisins.

Vefur innihaldsríkra og aðgengilegra útivistarsvæða getur stuðlað að aukinni vellíðan almennings og betri lýðheilsu. Með auknum frítíma hefur almenningur nýtt sér í auknum mæli þau tækifæri sem gefast til hollrar og uppbyggjandi útiveru jafnt í nærumhverfi sínu sem á náttúrusvæðum á útjöðrum höfuðborgarsvæðisins. Fyrirséð er að aldurspýramídi höfuðborgarsvæðisins muni breytast á komandi í áratugum með hlutfallslegri fjölgun í efri aldurshópum. Því er mikilvægt að stuðla að því að þessir vaxandi hópar verði vel í stakk búnir til að njóta lífsins á efri árum.

Vegna vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var settur saman faghópur um náttúru og útivist, skipaður fagaðilum allra þéttbýlissveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavík	Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða
Kópavogur	Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri
Hafnarfjörður	Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt
Garðabær	Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfisstjóri
Mosfellsbær	Tómas Gíslason, umhverfisstjóri
Seltjarnarnes	Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri

Hópurinn fékk fyrst kynningu á verkefninu á sameiginlegum fundi fulltrúa sveitarfélaganna í byrjun september 2013. Hópurinn hittist svo á fundi hjá ráðgjafa í október og fékk tillöguna í vinnslu til yfirlstrar og athugasemda um mánaðamótin mars/apríl síðastliðin. Hópurinn kom saman og fór yfir leiðarljós 4 og aðgerðarmarkmið þess og kom á framfæri ábendingum og athugasemdum.




Mynd 1. Elliðaárdalur.

2. LANDSLAGSGREININGAR

2.1 Stóra samhengið / fjallahringurinn og Faxaflóinn

Höfuðborgarsvæðið situr í stóru landslagsrými sem afmarkast af Esjunni, Mosfellsheiði, Henglinum, Bláfjöllum og Reykjanesfjallgarðinum. Fjær eru fjöllin norðan Hvalfjarðar og Snæfellsnesfjallgarðurinn. Samspil fjallahringsins við hafflöt Faxaflóans, sundin blá og hraunbreiður Reykjanes skapa höfuðborgarsvæðinu jarðfræðilega og sjónræna sérstöðu með óþrjótandi útivistartækifæri, náttúruupplifanir og síbreytilegt sjónarspil.




Mynd 2. Höfuðborgarsvæðið í stóra samhenginu (ekki er fjallað um Krísuvík í þessari samantekt).

2.2 Megindrættir landslags á höfuðborgarsvæðinu

Innan stóra landslagsrýmisins eru lægri grágrýtis- og móbergssfell, sem skipta svæðinu upp og gefa því mikinn fjölbreytileika. Á milli þeirra eru stöðuvötn og fer gjarnan saman í umhverfi þeirra góð skilyrði til skógræktar og útivistar, og áhugavert lífríki. Ár og lækir renna frá heiðum til sjávar og teygja sig þannig inn í byggðina og skipta henni upp og mynda náttúrulegar tengingar milli fjalls og fjöru. Þannig á hvert bæjarfélag sinn dal með á eða læk. Þessir grænu geirar gegna lykilhlutverki sem mikilvægar tengileiðir milli byggðar og útmerkur og hafa víðast hvar tryggan sess sem slíkar í gildandi aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Á syðri hluta svæðisins breiða hraunflákar úr sér í lægðum og á flatlendi, en víða úr hlíðunum næst góð yfirsýn yfir þessar miklu breiður og má þaðan skynja löngu stirðnaðar hreyfingar hraunsins, sem þó er mjög ungt í jarðsögunni. Stórfenglegust eru Búrfellshraun sem teygja sig í sjó fram. Gljúpt hraunið gleypir allt yfirborðsvatn og gerir það ósýnilegt þó straumar grunnvatns séu stríðir neðanjarðar. Landslag svæðisins fer heldur ekki varhluta af nálægð við eldvirknisprungur Reykjanessfjallgarðsins. Hjallamisgengið með



Mynd 3. Hæðarlega lands innan marka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

rikkjandi SV-NA stefnu sprunganna er mjög tilkomumikið í Heiðmörk og út frá því eru samsíða sprungur með gisnandi þéttleika í átt að byggð höfuðborgarsvæðisins.

Almennt má segja að gróður- og jarðvegseyðing liðinna alda hafi komið verst niður á grágrytisholtunum. Þar er land víða allt að því örfoka, þó gripið hafi verið inn í með uppgræðslu. Hraunsvæðin eru hins vegar í betra jafnvægi og sjálfræðsla þar víða greinileg. Votlendisflákar eru á nokkrum stöðum við vötnin og er þar gjarnan að finna áhugavert lífríki, sem nýtur í mörgum tilfellum verndar.

Strandlengja höfuðborgarsvæðisins er löng og fjölbreytileg. Stærstu samfelldu náttúrulegu strandsvæðin eru á Álftanesi, en innan byggðarinnar er strandlínan á löngum köflum manngerð, mótuð af landfyllingum og sjóvarnargörðum.

Víðáttumikið fjalllendi Esjunnar allt frá Kjalarnesi austur að Kjósarskarði myndar mjög skarpa aðgreiningu sveitarinnar í Kjós frá þéttbýlissvæðunum sunnan Esju. Ræktarland á höfuðborgarsvæðinu eru af skorum skammti, en samfella í góðu ræktarlandi er helst að finna í Mosfellsdal, á Kjalarnesi og í Kjós. Víða eru þó ónýtt tækifæri til ræktunar í litlum mæli og aðgengi að ódýrri, vistvænni orku býður upp á ýmsa kosti til aukinnar ræktunar matjurta.

Kjósín er það svæði sem flestir þekkja í norðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Kjósín einkennist af tiltölulega flötu landbúnaðarlandslagi sem afmarkast af Esju, Skálafelli og Reynivallahálsi. Laxá í Kjós, vatnasvið hennar og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum er á náttúruminjaskrá. Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf. Eftir því sem íbúum fjölgar í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu má búast við að aukin ásókn verði í útivist af ýmsu tagi í Kjósinni.

Hér að aftan eru settir fram nokkrir uppdættir sem á þematískan hátt gera grein fyrir hæðarlegu lands, landslagi, vatnafari, jarðfræði, verndarsvæðum, skógræktarskilyrðum, fornum þjóðleiðum og skipulagðri og almennri útivist. Tilgangur með greiningunum er að renna stöðum undir stefnumótun í útivist, náttúruvernd og ræktun, auk endurskoðunar á afmörkun græna trefilsins.



Mynd 4. Landbúnaðarlandslag í Kjós.



Mynd 5. Hraunsvæði á Reykjanesi.



Mynd 6. Höfuðborgarsvæði situr í stóru landslagsrými sem afmarkast af Esjunni, Mosfellsheiði, Bláfjöllum og Reykjanesfjallgarðinum.

2.3 Vatnafar og hraunsvæði

Suðurhluti svæðisins einkennist af gljúpu hrauni en norðurhlutinn er eldri og þéttari. Ár og vötn er því að finna í meiri mæli í norðurhlutanum, þar sem ár og lækir renna meðfram giljum og dældum í átt til sjávar. Yfirborðsvatn rennur hins vegar undir hrauninu í suðurhlutanum og er því ekki sýnilegt. Þetta skapar skemmtilegar andstæður og er lýsandi fyrir þann fjölbreytileika sem býr í upplöndum höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 7. Kaldakvísl við Gljúfrastein í Mosfellsdal.




Mynd 8. Í Kópavogsdal.



Mynd 9. Vatnafar.



Mynd 10. Reykjanesfjallgarðurinn.




Mynd 11. Hraun, gígur og mísgengi á höfuðborgarsvæðinu.

2.4 Verndarsvæði

Náttúrusvæði sem njóta verndar eru ýmist friðlýst með lögum sem t.d. fólkvangar eða náttúruvætti, hafa öðlast hverfisvernd í gegnum aðalskipulag, til þeirra hefur verið stofnað sem fólkvanga með stjórn eða eru á náttúruminjaskrá en hafa ekki öðlast frekari formlega verndun. Náttúruminjaskrá var síðast gefin út 1994 og er því orðin 20 ára gömul. Síðan hún var síðast gefin út hafa allnokkur svæði öðlast verndun í gegnum friðlýsingu eða hverfisvernd.

Náttúruverndarsvæði hafa mikið útivistar- og fræðslugildi, en stefna ber að því að styrkja verndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu og upplýsingamiðlun og bættu aðgengi. Þannig geta þau í auknum mæli nýst sem útivistarsvæði, auk þess að hafa fræðslugildi, en aukin kynning og aðgengi að útivistarsvæðum eykur líkur á að íbúar notfæri sér þau og virði. Slíkt hvetur ennfremur til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra félagslegra samskipta. Verndarsvæði með líffræðilegum og jarðfræðilegum fjölbreytileika skapa höfuðborgarsvæðinu að auki sérstöðu. Innan höfuðborgarsvæðisins eru svæði með mismunandi verndarákvæðum, sem öll hafa útivistar- og fræðslugildi: friðlýst svæði (ýmist sem fólkvangar eða



Mynd 12. Verndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.

náttúruvætti), svæði sem njóta hverfisverndar og svæði á náttúruminjaskrá. Hér á eftir er stutt umfjöllun um hverja gerð og dæmi um svæði nefnd um hverja gerð.

Friðlýst svæði:

Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila. Allstór svæði hafa verið friðlýst innan svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins á liðnum árum og þá sérstaklega á suðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Í stóra samhenginu eru það aðallega hraunsvæði og umhverfi vatna. Sem dæmi má nefna Gjárnar í Hafnarfirði, Ástjörn, Langeyrarmalir og Hleinar, Vífilsstaðavatn, Gálgahraun og nú síðast Búrfell og Búrfellshraun. Eldri friðlýsingar ná ýmist til stakra náttúruvætta en líka til stærri, samfelldra svæða eins og Bláfjallafólkvangs og Reykjanesfólkvangs sem að hluta til eru utan við sveitarfélagamörk höfuðborgarsvæðisins. Þegar friðlýsing hefur verið auglýst er að öllu jöfnu gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag og Umhverfisstofnun geri með sér umsjónarsamning. Slíkir samningar eru til um allnokkur svæði á höfuðborgarsvæðinu en vantar þó fyrir enn fleiri. Umsjónarsamningar eru fyrir hendi um eftirtalin svæði¹:

Í Mosfellsbæ: Álafoss og Varmárósa í Mosfellsbæ. Í Garðabæ: Vífilsstaðavatn, Gálgahraun og Skerjafjörð innan Garðabæjar.

Umsjónarsamningar eru ekki fyrirleggjandi vegna eftirtalinna svæða:

Í Hafnarfirði: Ástjörn / Ásfjall, Hamarinn, Hleinar, Hvaleyrarlón, Kaldárhraun / Gjárnar, Litluborgir, Stekkjarhraun. Á Seltjarnarnesi: Bakkatjörn og Gróttu. Í Reykjavík: Eldborg í Bláfjöllum, Fossvogsbakkar, Háubakkar og Laugarás. Í Kópavogi: Tröllabörn og Víghólar. Í Garðabæ (á Álftanesi): Hlið og Kasthúsatjörn. Óvíst er með umsjónarsamning á eftirtöldum svæðum:

Borgir og Skerjafjörður í Kópavogi, Rauðhólar í Reykjavík, Valhúsahæð á Seltjarnarnesi og Tungufoss í Mosfellsbæ.

Upptalningin hér að ofan er ekki endilega tæmandi.

Fólkvangar:

Formlegir fólkvangar á höfuðborgarsvæðinu eru Reykjanesfólkvangur og Bláfjallafólkvangur, en báðir hafa sér stjórn sem annast daglegan rekstur þeirra. Aðrir minni friðlýstir fólkvangar eru til dæmis við Ástjörn og Ásfjall, og Búrfell og Búrfellshraun. Þeir eru ekki undir fólkvangsstjórn eins og stærri fólkvangarnir sem ná inn í fleiri en eitt sveitarfélag².



Mynd 13. Elliðaár.

¹ Umhverfisstofnun (e.d). *Friðlýst svæði*. Sótt 7. október 2010 af <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/>

² Lög um náttúruvernd (2014). nr 60. Sótt 5. október 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Hverfisvernduð svæði:

Hverfisvernd eru ákvæði í svæðis-, aðal-, eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Hægt er að aflétta hverfisvernd með aðalskipulagsbreytingu og hefur hún því ekki sama vægi og friðlýsing³.

Svæði á náttúruminjaskrá:

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Náttúruminjaskráin var síðast gefin út 1994, en síðan þá hafa all nokkur svæði sem voru á listanum ýmist verið friðlýst eða hverfisvernduð. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar. Svæði á náttúruminjaskrá innan svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eru allnokkur og sum mjög víðáttumikil. Sem dæmi má nefna allt vatnasvið Laxár í Kjós, strandlengjuna vestan Straumsvíkur, Elliðaárdal og Viðey. Fram hafa komið sjónarmið Kjósverja um þörf á að endurskilgreina svæði á náttúruminjaskrá og þá sérstaklega m.t.t. verndar og nýtingar á víðáttumiklu vatnasviði Laxár í Kjós⁴.



Mynd 14. Vífilsstaðavatn.

³ Skipulagslög (2010). nr. 123. Sótt 2. október 2014 af <http://www.althingi.is/lagasofn/140a/2010123.html>.

⁴ Umhverfisstofnun (e.d). Náttúruminjaskrá. Sótt 28. september 2014 af <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

2.5 Skógar og trjárækt


Skógrækt ríkisins hefur unnið gagnmerkar upplýsingar um trjá- og skógargróður á höfuðborgarsvæðinu og spáð í hvernig sá gróður og gróðurskilyrði almennt geta þróast á komandi áratugum miðað við mismunandi hækkun meðalhita. Skógarteigar eru að jafnaði vinsælir til útivistar og meginuppistaðan í græna treflinum. Ætluð skógræktarskilyrði hafa því ennfremur mikil áhrif á endurskilgreiningu græna trefilsins.



Mynd 15. Skógrækt getur bætt aðstæður til útivistar.



Mynd 16. Gróskumikið útivistarsvæði.




Mynd 17. Núverandi skógræktarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, kortlagt samkvæmt CORINE flokkunarkerfinu (Björn Traustason og Arnór Snorrason (2008). *Spatial distribution of forests and woodlands in Iceland in accordance with the CORINE land cover classification*. Icelandic Agricultural Science. 21, 39-47).

2.6 Fornar þjóðleiðir

Stuðst var við upplýsingar úr bókinni Þúsund og ein þjóðleið eftir Jónas Kristjánsson til þess að kortleggja þjóðleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Mikilsvert er að halda til haga upplýsingum um fornar þjóðleiðir hvort heldur er með hliðsjón af menningarsögulegu fróðleiksgildi þeirra eða útivistargildi. Í þessum leiðum felast tækifæri til þróunar útivistar- og ferðamannaleiða sem tengjast t.d. þegar þekktum leiðum eins og Reykjavegi eftir Reykjanesfjallgarðinum milli Þingvalla og Reykjaness og Pílagrímsleið milli Borgarfjarðar og Skálholts.



Mynd 18. Í fjallgöngu í Esjufjölum ofan við Kjós.




Mynd 19. Þjóðleiðir á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Þúsund og ein þjóðleið, eftir Jónas Kristjánsson.

2.7 Útivist, skipulögð og almenn

Kortið sýnir alla umfangsmeiri og landkrefjandi skipulagða útivistarstarfsemi sunnan Esju annars vegar og hins vegar vinsæla útivistarstaði almennings í námunda við þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu (t.d. fjallgöngusvæði).

Golfvellir eru þar fyrirferðarmestir og eru 8 talsins, enda mjög vinsæl almenningsíþrótt. Þar að auki er gert ráð fyrir nýjum golfvelli vestan Hvaleyrarvatns í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Golfvellir eru allir í hæð undir 100 m.y.s. og hafa ýmist verið byggðir á fyrrum túnum eða verið lagðir á svæði þar sem ræktunarskilyrði eru góð m.t.t. jarðvegs og skjóls. 100 metra hæðarlínan hefur gjarnan verið höfð til hliðsjónar sem efri mörk byggilegs lands á höfuðborgarsvæðinu. Því má allt eins gera ráð fyrir að upp muni koma sjónarmið um að þetta byggð inn á einhver þessara golfvallarsvæða.

Hesthúsasvæði og athafnasvæði hesta hafa sitt landrými og eru gjarnan á jaðri byggðar. Huga þarf að tengingum milli þessara svæða og sjá til þess að ekki verði árekstrar við aðra virka ferðamáta. Önnur skipulögð útivist sem kortlögð hefur verið er t.d. félagssvæði íþróttafélaga og skíðasvæði í fjalllendu.



Mynd 20. Útivistarstarfsemi á suðurhluta höfuðborgarsvæðisins.

Kortlagning svæða til almennrar óskipulagðrar útivistar nær annars vegar til fjallgöngusvæða (t.d. Esja og Helgafell) og hins vegar til göngusvæða á skógræktarsvæðum (eins og t.d. Heiðmörk).



Myndir 21-26. Möguleikar til útivistar á höfuðborgarsvæðinu eru afar fjölbreyttir (mynd 24: Ólafur Hauksson).

3. GRÆNI VEFURINN

Græni vefurinn er heildarvefur útivistar- og náttúruverndarsvæða sem fléttast utan og innan um byggðina á höfuðborgarsvæðinu og veitir íbúum þess tækifæri til að njóta umhverfisins í hvívetna. Viðurkennt er að dagleg hreyfing í aðlaðandi umhverfi eykur vellíðan og lífslíkur og stuðlar þannig að góðri lýðheilsu. Þó veðurfar á höfuðborgarsvæðinu sé að öllu jöfnu fremur milt, þá getur það verið mjög breytilegt milli árstíða og á milli ára. Veðurfar hefur vissulega áhrif á vilja fólks til útiveru og þá sérstaklega í tengslum ferðir til daglegrar iðju. Skilyrði til almennra, daglegra hjólræiða til og frá vinnu geta t.d. verið afleit langtímum saman eitt árið en vel viðunandi annað. Við uppbyggingu og mótun útivistarsvæða og almenningsrýma er því mikilvægt að skapa skjól gagnvart ríkjandi vindáttum meðfram stígum og við áningar- og dvalarstaði. Stærri samfelld trjáræktarsvæði geta haft veðurbætandi áhrif á heilu bæjar- og borgarhlutana. Til að styðja við virka og vistvæna ferðamáta er mikilvægt að byggja upp skilvirkt kerfi hjólræiðastíga. Engu að síður er líklegt að ávallt verði þeir fleiri sem kjósa að ganga til daglegrar iðju ef vegalengdir eru innan heppilegra marka. Til þess að örva það enn frekar og hvetja fólk til göngu þarf umhverfið að vera gönguvænt, þ.e. skjólríkt, sólríkt, aðlaðandi og uppbrotið með ýmis konar upplifunum og sjónrænum gæðum.



Mynd 27. Blápráðurinn.



Mynd 28. Græni trefillinn.



Mynd 29. Grænir þræðir.



Mynd 30. Bæjar- og borgargarðar.



Mynd 31. Fjallendi.




Mynd 32. Náttúra og Útivist - milli fjalls og fjöru.

Svæðum innan græna vefsins er skipt í eftirfarandi:


- Blápráðurinn (strandlengjan / eyjar og sund)
- Græni trefillinn og græn hlið (upplandið)
- Grænir þræðir (tengingar milli fjalls og fjöru)
- Bæjar- og borgargarðar / torg og kirkjugarðar
- Fjallendi




Mynd 33. Elliðaárdalur; séð frá Árbæ að Breiðholti.



Mynd 34. Þróun græna trefilsins.



Mynd 35. Græni vefurinn.



Mynd 36. Tengsl náttúru og umhverfis, notenda og mannvirkja eru samofin hvert öðru í græna vefnum.

Mynd 37. Hólavallagarður.



Mynd 38. Varmá í Mosfellsbæ.



Mynd 39. Græni vefurinn myndar tengingar milli fjalls og fjöru.

3.1 Blápráðurinn

Blápráðurinn er samheiti yfir alla strandlengju höfuðborgarsvæðins. Hugmyndin um blápráðinn kom fyrst fram í erindi á málþingi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Umhverfisstofnunar um verndun Skerjafjarðar sem haldin var á Álfanesi í mars 2007. Blápráðurinn kallast á við græna trefilinn ofan byggðar. Stefnt er að því að eftir blápræðinum liggi samfelldur stígur, en jafnframt er skírskotað til þess að möguleiki á samfelldum strandstíg hangir á nokkrum stöðum á blápræði vegna landnotkunar, eignarhalds eða staðhátta. Blápráðurinn táknar ekki síst hina hárfínu og síbreytilegu línu þar sem sjór mætir landi. Strandlengja höfuðborgarsvæðisins býður upp á einstaka útivistarmöguleika. Fjölbreytt landslagið birtir nýjar myndir oft á dag í samspili við síbreytileika árstíðanna, veðráttunnar, sólargangsins, fuglalífsins og sjávarfallanna. Þar er endalaus uppspretta upplifunar, fróðleiks og hollrar útivistar. Fjölbreytileiki strandlengjunnar birtist í melgresisgrónum sandhólum, nesjum, víkum og vogum, hraunbreiðum í sjó fram, sjávartjörnum, malarfjörum, hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum. Búsetuminjar og fornar götur er þar að finna og minna á horfna lífshætti.

Útivistargildi strandlengjunnar felst m.a. í nálægð hennar við íbúðarbyggð höfuðborgarsvæðisins. Sveitarfélögin hafa staðið myndarlega að uppbyggingu stígakerfis með ströndinni oftast í tengslum við fráveituframkvæmdir og sjóvarnir. Blápráðurinn þræðir upp allar þessar upplifanir við ströndina og skapar samfellda, örugga og umhverfisvæna samgönguleið á höfuðborgarsvæðinu.

Á sama hátt og talað er um hlið inn í græna trefilinn við meginaðkomuleiðir frá byggð, þá mætti tala um naust eða vör við aðkomuleiðir inn á strandstíginn, þar sem væru stoppistöðvar strætó, bílastæði og greinargóðar upplýsingar um strandumhverfið.

Áhersla yrði jafnframt lögð á tengileiðir milli fjalls og fjöru um grænu geirana í byggðinni, eins og meðfram læknum í Hafnarfirði, Búrfellshrauni og lækjunum í Garðabæ, Kópavogsdal, Fossvogsdal og Elliðaárdal, Korpu og Varmá. Strandlengja Hvalfjarðar í Kjós er víða vel aðgengileg og eru þar góðar aðstæður til að fylgjast með lífríki fjörunnar við breytileg sjávarföll.



Myndir 40-43. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar leynast á strandlengju höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 44. Blápráðurinn - strandstígur höfuðborgarsvæðisins (núverandi ástand).



Myndir 45. Strandstígurinn í Grafarvogi.

3.2 Græni trefillinn / upplandið

Græni trefillinn hefur verið í þróun í rúmlega 20 ár, eða frá því að skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu tóku sig saman og létu vinna drög að sameiginlegum markmiðum með skógrækt í upplandi höfuðborgarsvæðisins veturinn 1993-94. Jafnframt voru unnin frumdrög að samræmdu umferðarkerfi á svæðinu jafnt fyrir akandi, ríðandi og gangandi útivistarfólk. Með þessu frumkvæði sínu vildu stjórnir félaganna leggja fram drög að svæðisskipulagi útivistar og skógræktar í þeirri von að tillögurnar yrðu fléttaðar inn í aðalskipulags- og framkvæmdaáætlanir viðkomandi sveitarfélaga.

Græni trefillinn fékk svo staðfestingu í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001. Í svæðisskipulagi 2040 er Græni trefillinn nú tekinn til endurskoðunar og ekki jafn einskorðaður við skógræktarskilyrði og í upprunalegu skilgreiningunni sem gerði hann mjög „þunnan“ í norðurhlutanum. Trefillinn er nú þykktur í norðurendanum með því t.d. að bæta við hann Grímansfelli og umhverfi þess.

Við þróun hugmynda um græna stíginn í græna treflinum, samfelldan útivistarstíg á jaðri byggðar milli Mógilsár og Kaldársels var lögð áhersla á græn hlið á helstu tengipunktum frá byggð inn á stíginn og trefillinn. Þar verði áningarstaðir með greinargóðum upplýsingum um náttúrufar og útivistartækifæri í græna treflinum.

Eftirfarandi texti byggir á greinargerð sem fylgdi upphaflegri tillögu að græna treflinum. Hann lýsir því líka hvernig hugmyndin þróaðist inn í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001:

Á vegum skógræktarfélaganna hefur verið unnið ómælt starf við gróðursetningar, stígagerð og aðrar jarðarbætur í upplandi bæjarfélaganna. Sú vinna er nú farin að skila sér í einu fjölsóttasta útivistarsvæði landsins. Vinsældir þess aukast frá ári til árs, eftir því sem byggðin nálgast, skógurinn vex og göngustígar eru lagðir. Á seinni árum hefur jafnframt vaknað almennur áhugi fyrir útivist í vistlegu umhverfi og skilningur á góðum áhrifum hennar.

Í framhaldi af fyrstu skrefunum þótti orðið tímabært að samræma aðgerðir þeirra aðila sem annast framkvæmdir á svæðinu, þannig að það fjármagn sem veitt er til verka nýtist í markvissa uppbyggingu í sátt við umhverfið. Er þar fyrst og fremst um að ræða skilgreiningu landslagsverndar, skipulagningu skógræktar, samræmt kerfi akvega, reiðvega og göngustíga. Jafnframt þarf að huga að þjónustustöðum, gerð áningarstaða, upplýsingaskilta og leiðarmerkinga.

Græni trefillinn var staðfestur í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001. Í framhaldi af því hafa hugmyndir verið þróaðar áfram og fyrir liggur t.d. hugmynd um grænan stíg í græna treflinum, sem stjórn SSH samþykkti að próa áfram árið 2009.



Mynd 46. Helgafell.

Starfsvettvangur skógræktarfélaganna er innan friðunargirðingarinnar, sem sveitarfélögin sameinuðust um að reisa upp úr 1980. Girðingin náði upphaflega frá Esjurótum í Kollafirði, upp fyrir Mosfellsdal, Hólmsheiði, Heiðmörk og Kaldárbotna og þaðan í sjó suðvestan við Hafnarfjörð. Útfærsla girðingar suður yfir Reykjanesskagann stækkaði þetta gróðurverndar- og uppgræðslusvæði til muna.

Skógræktarmenn sjá fyrir sér samhangandi skógræktarsvæði á öllu höfuðborgarsvæðinu ofan byggðar innan sameiginlegrar friðunargirðingar og vilja líkja því við stóran, grænan trefil. Kögur trefilsins eru þegar fullgerð, annars vegar við Esjurætur á svæði Skógræktar ríkisins að Mógilsá, en hins vegar í Skólalundinum í Undirhlíðum, sem kannski færri þekkja, en þangað verður einmitt farið á morgun. Þar á milli hafa verið þrjónaðir allangir bútar eins og t.d. í Víflsstaðahlíð og í Heiðmörk.

Meginhluti þessa svæðis er í hæð 80-150 m y.s. og dæmin sanna hverju hægt er að áorka við þau skilyrði sem þar ríkjá.

Á þessu belti eru víða álitlegir skógarteigar og stakir trjálundir í einkeign, sumarbústaðabyggð, beitarhólf o.s.frv. sem fléttað yrdi inn í skógarteigana og um þessi svæði liggja leiðir upp í heiðar og fjöll. Ennfremur sér skógræktarfolk fyrir sér skógarteiga sem teygja sig niður í grænu geira bæjanna, en Elliðaárdalurinn er dæmi um slíkt.

Með þeirri þekkingu og reynslu í skógrækt sem áunnist hefur á liðnum áratugum sem og auknu vinnuframlagi, hafa afköst skógræktarfélaganna aukist til muna frá því sem áður var. Það þýðir að skógræktarstarfið mun á komandi áratugum leiða af sér mun hraðari og stórfelldari umhverfisbreytingar, en við höfum hingað til séð gerast.

Með samfelldu skógræktarsvæði er ekki endilega átt við samfelldan skóg. Taka þarf fullt tillit til sérstæðs landslags, náttúru- og söguminja og gróðurfars. Þannig verður að vernda ákveðin svæði innan trefilsins. Hér er átt við náttúruperlur eins og Búrfellsgjá eða sérstæð gróðurlendi, votlendi og berjalönd og tryggja þarf að slík svæði fái að hvíla í sjálfu sér, og að stuðlað verði að sjálfræðslu þar sem við á. Hið umfangsmikla skógræktarstarf kallar því orðið á skipulag, þar sem tekin er afstaða til þeirrar landslagsmyndar sem fyrir er og hvort og þá að hve miklu leyti við viljum breyta henni.

Almennt markmið með skógrækt á útivistarsvæðum er að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu, milda ásynnd landsins, bæta skilyrði til útivistar og að auðga náttúrufar. Skipulag skógræktar á útivistarsvæðum þarf einnig að taka til mats á skógræktarskilyrðum og í framhaldi af því leiðbeininga sem ná til tegundavals og gróðursetningaraðferða. Byggðin á höfuðborgarsvæðinu færist stöðugt nær útmörkinni. Markmið með uppgræðslu landsins og skógræktarstarfinu er að auka landkosti og mæta þar með vaxandi útivistarþörf íbúa svæðisins.



Mynd 47. Séð úr Heiðmörk í átt að Víflsstöðum.

Ef skyggst er enn lengra fram í tímann mun mildara umhverfi og jafnvel bætt veðurfar í kjölfar skógræktar auka möguleikana á frekari nýtingu landsins til byggðar. Skógræktarfolk þarf því að venja sig við þá tilhugsun að ekki er hægt að líta á öll skógræktarsvæði sem varanlega landnýtingu um alla framtíð, heldur sem nýjan og betri grunn til að mæta vaxandi þörf fyrir landrými til ýmissa nota fyrir samfélagið á höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi þessa má segja að sá græni trefill sem skógræktarfolk hóf að þróa á hálsa höfuðborgarsvæðisins fyrir hálfri öld, eigi að verða laust þrónaður, gisinn og götöttur. Sé hann nógu margar lykkjur á breiddina getur hann auðveldlega gegnt því lykilhlutverki sínu að taka mesta næðinginn og halda hita, en eins og trefla eru gjarnan örlög, verður hlutverk þessa trefils ekki síður að vera notanda sínum skraut og augnayndi. Í því samhengi er mikilvægt að huga að þeim svæðum sem ber að varðveita sem skóglaus svæði.

Hlutverk útmerkurinnar verður þó síst minna í framtíðinni. Eftir sem áður mun útivist, fræðsla og tómstundastarf verða mikilvægur og vaxandi þáttur í nýtingu á þessum svæðum. Því í nútímasamfélagi með mikilli inniveru og mishollum lífnaðarháttum og neysluvenjum, þá eykst þörfin fyrir hreyfingu og hreint loft í lungun. Á höfuðborgarsvæðinu er mikill og vaxandi áhugi fyrir upplandinu. Mikil verðmæti eru fólgin í þessari nálægu náttúru og þau aukast stöðugt með endurheimt horfinna landgæða. Því er mikilvægt að hlúa að, vernda og nýta þessa auðlind til hagsbóta fyrir almenning og umhverfið.



Mynd 48. Græni trefillinn teygir sig upp Esjuhlíðar.



Mynd 49. Búrfell og Hjallamisgengi.



Mynd 50. Gengið á Helgafell.

3.3 Grænir þræðir / tengingar milli fjalls og fjöru

Grænir þræðir mynda tengingar milli fjalls og fjöru. Tengingarnar hafa myndast af sjálfu sér í gegnum tíðina, á svæðum sem hafa orðið eftir eða verið varðveitt þegar land hefur verið brotið undir byggð. Helst eru þetta votlend svæði og svæði þar sem ár og lækir renna um dali frá upplandinu, gegnum byggðina til sjávar.

Einnig eru þetta nokkur hraunsvæði sem mynda þessar tengingar.

- Í Mosfellsbæ er það Varmá og umhverfi hennar.
- Úlfársá / Korpa í Reykjavík og á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar
- Elliðaárdalurinn í Reykjavík sem tengist Fossvogsdal, Öskjuhlíð og Ægissíðu.
- Kópavogsdalur sem tengist ströndinni og leiðum um íbúðarbyggð ofan Reykjanesbrautar.
- Arnarneslækur og Hraunsholtslækur í Garðabæ sem liggur svo skemmtilega meðfram stórbrotnum hraunjaðrinum.
- Hamarskotslækur í Hafnarfirði sem vísar veginn upp í víðátturnar ofan byggðar.

Grænu þræðirnir eru mjög mikilvægir hlekkir í græna vefnum þar sem þeir tryggja aðgengi úr byggðinni hvort heldur er til fjöru eða fjalla.



Myndir 51-58. Grænir þræðir tengja byggðina við uppland höfuðborgarsvæðisins.

3.4 Borgar- og bæjargarðar

Borgar- og bæjargarðar eru almenningssými sem gegna mikilvægu hlutverki í góðri byggð. Hér er um að ræða almenningagarða af umtalsverðri stærð sem ýmist getur borið talsverðan mannfjölda til samkomu- og hátíðahalds eða getur borið fjölbreytilega samsetningu útivistar- og upplifunartækifæra. Borgar- og bæjargarðar þurfa að vera í nálægð við tiltölulega þétta bæjarkjarna.

Garðar með þetta hlutverk á höfuðborgarsvæðinu eru t.d. Ullarnesbrekkur í Mosfellsbæ, Laugardalur, Hljómskálagarður / Vatnsmýri, Arnarhóll, Austurvöllur, Klambratún, Öskjuhlíð og Fossvogsdalur í Reykjavík, Kópavogsdalur, Arnarnesvogur og Fitjagarður í Garðabæ og Víðistaðatún og umhverfi Lækjarins og Hörðuvellir í Hafnarfirði.

Mikilvægt er að þróa þessi garðsvæði þannig að notkun þeirra verði sem mest allan ársins hring og að þau stuðli að bættu mannlífi og lýðheilsu, en sífellt fleiri rannsóknir koma í ljós með ári hverju sem styðja við mikilvægi slíkra garða (og útivistarsvæða) í borgarumhverfinu.



Myndir 59-61. Borgar- og bæjargarðar eru fjölbreyttir að gerð og samsetningu.

Miðbæjartorg eru bæjar- og borgarrými í helstu miðkjörnum sem bjóða upp á og örva götulíf, útveitingar og stærri og minni viðburði allan ársins hring. Öll Kvosin í Reykjavík er mikilvægasta svæðið í þessu tilliti með fjölmörg stærri og minni rými eins og Austurvöll, Ingólfstorg, Lækjartorg og Hörputorg. Önnur helstu miðbæjartorg eru Thorsplan í Hafnarfirði og torg- og garðrými í miðbæ Kópavogs. Í uppbyggingu er torg í miðbæ Garðbæjar og áhersla er á að styrkja miðbæ Mosfellsbæjar sem þegar hefur sitt bæjartorg. Kirkjugarðar og þá sérstaklega þeir sem eru inni í þéttbýlinu hafa þróast yfir í að verða friðsælir og gróðurrikir almenningsgarðar og er eðlilegt að líta á þá sem hluta af græna vefnum. Hólavallagarður, Fossvogsgarður, Hafnarfjarðarkirkjugarður og Gufuneskirkjugarður hafa þegar öðlast gróð og hlýlegt yfirbragð með gróðursæld, fuglalífi og friðsæld.



Myndir 62-68. Borgar- og bæjargarðar mynda umgjörð utan um daglegt líf íbúa höfuðborgarsvæðisins.

3.5 Fjallendi

Fjöllin á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á mikla útivistarmöguleika, sem njóta vaxandi vinsælda.

Ætla má að með auknum fjölda íbúa á höfuðborgarsvæðisins aukist mikilvægi fjallendis í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Fjölmargir gönguhópar nýta sé nú þegar þessa möguleika. Margir þekkja og hafa gengið á Esju, en fleiri fjöll má nefna, til dæmis Reynivallaháls, Miðfell, Esjufjallgarður að Kjósarskarði, Bjáfjöll og Lönguhlíðar. Í Esjufjallgarði bíða tækifærin, en flestir þekkja aðeins eina gönguleið á Esju þó að fjallið sjálft sé mun stærra og býður upp á miklu meiri fjölda gönguleiða en nú er nýttur. Í því samhengi má nefna hugmynd að fólkvangi í Esjufjöllum, sem gæti borið heitið Esjufólkvangur. Væri slíkur fólkvangur vel til þess fallinn að kynna svæðið betur sem heild, frá Kjós, að Kollafirði og Mosfellsdal, að Skálafelli meðtöldu.



Mynd 69. Gengið á Kerhólakamb í Esju.



Mynd 70. Móskarðshnúkar.



Mynd 71. Móskarðshnúkar.



Mynd 72. Eyrarfjall frá Þórnyjartindi í Kjós.


4. SAMANTEKT OG TÆKIFÆRI FRAMTÍÐAR

Með vaxandi ferðamennsku og almennri útvíst er vert að horfa til þeirra tækifæra sem felast í nærumhverfi höfuðborgarsvæðisins. Möguleikar eru á að þróa 2-4 daga gönguleiðir í græna treflinum. Ennþá fleiri tækifæri bjóðast í fjalllendi innan og í nálægð höfuðborgarsvæðisins. Því er vert að horfa til fjallahringsins í heild sinni þó hann að hluta tilheyri öðrum sveitarfélögum. Aukinn fjöldi ferðamanna á landinu öllu felur í sér aukið álag á vinsælustu viðkomustöðum ferðamanna og því aðkallandi að virkja ný svæði og nýja staði. Á suðvesturhorninu felast fjölmargir möguleikar til skipulagðra gönguleiðangra, upplifana á stökum stöðum og útsýnisferða. Í þessu samhengi er bent á þá möguleika sem felast í því að tengja saman svæði á Reykjanesi og á Vesturlandi. Sérstaklega er þá horft til þess að þróa ferðamannaleið milli Kjósar og suðurstrandar Reykjanes um núverandi Kjósarskarðsveg, Nesjavallaveg, Bláfjallaveg og Krísuvíkurveg. Í þessu samhengi er vert að skoða mögulega lagningu nýrrar leiðar um Mosfellsheiði og Sandskeið til að tengja þessi svæði betur saman.

Esjan í nálægð sinni við þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu býður upp á og kallar jafnvel á samstarf um rekstur eins konar fólkvangs í Esjunni allri, þverri og endilangri.




Mynd 73. Árbæjarhverfi og Elliðaár.



Mynd 74. Útivistarleiðir á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 75. Séð úr Esju.



Mynd 76. Hugmynd að nýjum ferðamannaveg milli Hvalfjarðar og Reykjanes.

